



Reykjavík 23. júní 2021

Rósa Guðbjartsdóttir,
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Í haust munu Alzheimersamtökin hefja starfsemi í nýrri þjónustumiðstöð í Lífsgræðasetrinu á St.Jó. Þar verður í fyrsta sinn veitt þjónusta þeim hópi fólks sem eru ýmis ný greindir með heilabilunarsjúkdóm eða ekki það langt gengnir að þeir þurfa ekki þá sérhæfðu þjónustu sem nú er í boði. Þá mun í fyrsta sinn, aðstandendum þessa hóps bjóðast þjónusta en umönnunarhlutverkið tekur verulega á flesta.

Meðal þeirra nýjunga sem ætlunin er að bjóða upp á er þjónusta sálfræðings sem sinnt getur m.a. skynörvun sem er taugasálfræðileg meðferð og mjög mikilvæg þessum hópi sem leið til að hægja á framgangi sjúkdómsins.

Alzheimersamtökin leita til Hafnarfjarðarbæjar um styrk vegna þessa verkefnis til næstu tveggja ára. Áætlaður mánaðarlegur kostnaður vegna þess er um kr. 200.000.

Það er ljóst að starfsemi Alzheimersamtakanna í Hafnarfirði mun verða til þess að athygli mun enn frekar beinast að Hafnarfirði sem fyrirmund þegar kemur að velferð og umhyggju fyrir fólk með heilabilun og sem Styðjandi samfélagi. Stuðningur við þetta verkefni myndi undirstrika það.

Með vinsemdu og virðingu,

f.h. Alzheimersamtakanna

Vilborg Gunnarsdóttir
Vilborg Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri